



**Kveðja
frá
forseta Íslands**

Álftanesið hefur löngum fóstrað vel lærdómssetur og fræðslustarf.

Í Bessastaðaskóla léku sveinar við hvern sinn fingur, glímdu á túnnum og lágu yfir fornum textum á tunglskinsbjörtum vetrarkvöldum.

Vissulega hefur tímans rás breytt stíl og starfsháttum, námsefni og skólastað. Nú fagnar Álftanesskóli 20 ára afmæli; í senn arftaki sögufrægra menntasetra og vettvangur nýsköpunar sem helguð er æskufólki byggðarlagsins.

Það er margt sem færir mannlífi góða umgjörð og frjóan jarðveg en skólinn er umfram annað kjarni og prófsteinn á viðleitni okkar að ná árangri og veita börnum farsælt vegarnesti.

Í þeim efnum hefur Álftanesskóli skilað góðu verki. Því höfum við svo sannarlega kynnst í fjölskyldunni á Bessastöðum. Gláðir, göngumóðir og syngjandi krakkar hafa heimsótt okkur á aðventunni til að hjálpa við að tendra ljósin á jólatrjánnum, arkandi rösklega yfir engin og heimreiðina. Björt og lærdómsfús andlit á hátíðarstundum i kirkjunni. Brettaleikir í brekkunni við Bessastaðastofu og söfnunarleiðangrar i þágu ungmennafélagsins og annarra góðra málefna. Þannig hafa nemendur Álftanesskólans verið sendiherrasveit milli forsetaseturs og hreppsþúa; staðið sig svo vel að ekki hefur verið þörf á formlegum trúnaðarbréfum!

Við Guðrún Katrín færum Álftanesskóla heillakveðjur á afmælishátíð og óskum nemendum og kennurum farsældar í framtíðinni.

(undirskrift)